

900 Örnefni

Íslensk fitjuskrá



Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á lmi@mi.is

900 Örnefni

Nafn	Örnefni
Skilgreining	Örnefni er nafn á landfræðilegum punkti, línu eða svæði. Það er orð eða orðasamband innan ákveðins samfélags sem vísar til eins ákveðins staðar. Það getur verið nafn á landsvæði, héraði, sveitabæ, þéttbýlisstað, húsi, götu, torgi, vegi, fjalli, dal, á, stöðuvatni, firði o.s.frv. Hlutverk örnefnis er að auðkenna ákveðinn stað á landi eða sjó. [1]
Kóði	900-999

Fitjuflokkur

901	Örnefni
-----	---------

Fitjueigindir

Heiti

Flokkur nafnbera	flokkurNafnbera
Nafnberi	nafnberi
Tvinefni	tvinefni

901 Örnefni

Nafn	Örnefni
Skilgreining	Örnefni er nafn á landfræðilegum punkti, línu eða svæði. Það er orð eða orðasamband innan ákveðins samfélags sem vísar til eins ákveðins staðar. Það getur verið nafn á landsvæði, héraði, sveitabæ, þéttbýlisstað, húsi, götu, torgi, vegi, fjalli, dal, á, stöðuvatni, firði o.s.frv. Hlutverk örnefnis er að auðkenna ákveðinn stað á landi eða sjó. [1]
Kóði	901

Fitjueigindir		
	Flokkur nafnbera	flokkurNafnbera
	Nafnberi	nafnberi
	Tvinefni	tvinefni

Fitjueigind

Nafn	Flokkur nafnbera
Skilgreining	Nafnberi er fyrirbæri sem ber nafn (örnefni). [1] Nafnberum er skipt upp í flokka eftir fitjuflokkum og þeim fitjuskrárinnar: Stjórnsýslusvæði og eignamörki (100), mannvirki (200), samgöngur(300), fjarskiptakerfi og veitur (400), gróður, skógrækt og landgræðsla (500), jarðmyndun og landmótun (600), vatnafar (700) og mælingar og jafngildislínur (800). Sérhvert fyrirbæri fær skilgreindan flokk nafnbera í samræmi við fitjuflokkinn eða þemað sem það fellur undir í fitjuskránni. Dæmi: Perlan er örnefni á mannvirki (flokkur nafnbera) og fær kóðann 201 sem er kóði fyrir þemað Mannvirki í fitjuflokknum 200 Mannvirki. Í þeim tilvikum sem flokkur nafnbera er á fyrirbæri sem er annað en skilgreint er í fitjuskránni er Flokkur nafnbera skráður með kóða fitjuflokksins sem örnefnið tilheyrir. Dæmi: Vesturbær er örnefni á svæði í Reykjavík og fellur undir Stjórnsýslusvæði og eignamörk. Slíkt svæði er ekki skilgreint í fitjuskránni en fellur samt sem áður undir Stjórnsýslusvæði og eignamörk og fær örnefnið í þessu tilviki því kóðann 100 sem merkir Stjórnsýslusvæði og eignamörk. Flokki nafnbera tengist önnur fitjueigind sem nefnist Nafnberi og tilgreinir hver hinn eiginlegi nafnberi er.
Heiti	flokkurNafnbera
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heitala (e. integer)

Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur; kóðar fitjuflokka og þema í fitjuskránni

Fitjueigind

Nafn	<i>Nafnberi</i>
Skilgreining	Nafnberi er fyrirbæri sem ber nafn (örnefni). [1] Eigindin Nafnberi er notuð til að tilgreina hvers konar fyrirbæri ber örnefnið. Þegar flokkur nafnbera hefur verið skilgreindur fyrir örnefni út frá fitjueigindinni Flokkur nafnberi er því gefinn nafnberi út frá þeim fyrirbærum sem heyra undir viðkomandi flokk nafnbera. Dæmi: Laugarvegur er örnefni með Vegakerfi (kóði: 301) sem flokk nafnbera í fitjuskránni og fær akbraut sem hinn eiginlega nafnbera. Orðið akbraut er þá skráð í dálkinn NAFNBERI á tilheyrandi stað í eigindatöflunni.
Heiti	nafnberi
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti; fyrirbæri sem heyra undir tilheyrandi fitjuflokk og þema (flokk nafnbera)

Fitjueigind

Nafn	<i>Tvinefni</i>
Skilgreining	Tvinefni er annað örnefni af tveimur á sama stað, t.d. Hverfjall (Hverfell). [1]
Heiti	tvinefni
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Bókstafir

Tilvitnanaskrá

[1] Örnefnastofnun (2002). Munnlegar heimildir.

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins